



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
30. desember 2020

Ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2021

- *Lánsfjárförf verður mætt með fjölbreyttum hætti en áfram verður mest áhersla lögð á útgáfu ríkisbréfa.*
- *Áætlað er að útgáfa ríkisbréfa nemi 200 ma.kr. að söluvirði árið 2021.*
- *Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan þriggja ára ríkisbréfaflokk, aðrir flokkar verða stækkaðir á árinu.*
- *Fyrirhugað er að gefa út skuldabréf á erlendum markaði.*

Inngangur

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að hreinn lánsfjárfjöfnuður verði neikvæður um 352,5 ma.kr. Í apríl er á gjalddaga RIKS 21 0414 sem er ásamt verðbótum 68 ma.kr. að stærð og í ágúst er á gjalddaga RIKB 21 0805 að nafnverði 60 ma.kr. Aðrar afborganir af langtímalánum nema samtals 5 ma.kr. Engin erlend lán eru á gjalddaga á næsta ári.

Ríkissjóður hefur fjölbreytta möguleika til að mæta lánsfjárförf ársins 2021. Áfram mun ríkisbréfaútgáfa verða uppistaðan í fjármögnun ríkissjóðs en gert er ráð fyrir útgáfu ríkisbréfa fyrir um 200 ma.kr. að söluvirði¹. Útgáfa ríkisbréfa umfram gjalddaga þeirra verður því 72 ma.kr. á árinu 2021 samanborið við 120 ma.kr. árið 2020, að undanskildri sölu í skiptiútboðum.

Einnig kemur til greina að ríkissjóður gefi út skuldabréf á erlendum mörkuðum og auki vægi ríkisvixla í fjármögnuninni til að mæta lánsfjárförfinni. Jafnframt getur ríkissjóður gengið á bæði innlendar og erlendar innstæður á viðskiptareikningi sínum hjá Seðlabanka Íslands. Í lok nóvember 2020 var innlend sjóðstaða um 130 ma.kr. og erlend sjóðstaða 218 ma.kr. Þá mun ríkissjóður taka lán hjá ÍL-sjóði en sjóðurinn hefur yfir umtalsverðu lausu fé að ráða. Aðrar

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð „clean price“ með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

fjármögnunarleiðir eru jafnframt mögulegar fyrir ríkissjóð, t.d. eignasala líkt og nefnt er í fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025.

Útgáfuáætlun hvers ársfjórðungs verður birt síðasta viðskiptadag fyrri ársfjórðungs. Í ársfjórðungsáætlunum munu koma fram upplýsingar um áætlaða heildarútgáfu á fjórðungnum. Vegna þeirrar óvissu sem ríkir í efnahagsmálum um þessar mundir er ekki hægt að birta áætlaða hámarksútgáfu í einstökum flokkum á hverjum ársfjórðungi. Mikilvægt er að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Leitast verður við að viðhalda fyrirsjáanleika í lánamálum eftir bestu getu, en vegna afar óvenjulegra aðstæðna verður ríkissjóður að hafa sveigjanleika til að bregðast við óvissu og breyttum aðstæðum sem kunna að verða á fjármálamörkuðum. Hafi slíkar aðstæður í för með sér breytingar frá áður tilkynntu fyrirkomulagi í ársáætlun, verður það kynnt við fyrsta tækifæri í næstu ársfjórðungsáætlun. Áætlun um útgáfu á fyrsta ársfjórðungi 2021 er birt samhliða ársáætlun þessari.

Stefna í lánamálum ríkisins

Stefna í lánamálum ríkisins er birt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og nær til fimm ára í senn. Hún endurspeglar áform stjórnvalda um lánsfjármögnun á tímabilinu en stefnan er endurskoðuð og birt árlega. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárbörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarks kostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal skv. stefnunni stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa

Þann 5. ágúst 2021 fellur á gjalddaga óverðtryggðri flokkurinn RIKB 21 0805, að nafnverði um 60,2 ma.kr. Bréf í þessum flokki voru fyrst gefin út árið 2019.

Til greina kemur að gefa út í öllum flokkum óverðtryggðra ríkisbréfa á árinu. Munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki. Svigrúm til útgáfu í einstökum flokkum ber þó að skoða í því ljósi að stefnt er að því að endurgreiðsluferill ríkisverðbréfa verði sem jafnastur.

Fyrirhugað er að gefa út nýjan þriggja ára óverðtryggðan flokk á árinu og er stefnt að viðskiptavakt með flokkinn. Þá er ekki útilokað að gefin verði út önnur óverðtryggð skuldabréf og fer það m.a. eftir markaðsaðstæðum og þróun mála á árinu.

Útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa

Þann 14. apríl 2021 fellur á gjalddaga verðtryggðri flokkurinn RIKS 21 0414, sem er ásamt verðbótum 68 ma.kr. að stærð. Bréf í þessum flokki voru fyrst gefin út árið 2010.

Til greina kemur að gefa út í öllum flokkum verðtryggðra ríkisbréfa að undanskildum RIKS 21 0414, en uppkaup á þeim flokki hófust á fjórða ársfjórðungi 2020. Munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Útgáfa ríkisvixla

Breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi við útgáfu ríkisvixla árið 2018. Útgáfan er nú sveigjanlegri en áður til að mæta betur tímabundnum sveiflum í tekjum og útgjöldum innan ársins. Vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir um efnahagsleg áhrif heimsfaraldursins er óljóst hversu mikið af lánsfjárförfinni ríkissjóður þarf annars vegar til skemmri tíma og hins vegar til lengri tíma. Ríkissjóður verður því áfram virkur útgefandi á vixlamarkaði á árinu. Sveigjanleiki í vixlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Skriptiútboð - uppkaup

Til greina kemur að halda skriptiútboð þar sem eigendum ríkisbréfa í flokkunum RIKS 21 0414 og RIKB 21 0805 verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Einnig má reikna með beinum kaupum á ofangreindum flokkum í gegnum eftirmarkaðinn.

Innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands

Í lok nóvember 2020 var staða á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands um 130 ma.kr. Að auki á ríkissjóður að jafnvirði um 218 ma.kr. í innstæðum í erlendum gjaldeyri hjá Seðlabankanum. Þessar innstæður eru verulegar og til að mynda eru þær hærri en áætluð ríkisbréfaútgáfa 2021 og útistandandi ríkisvixlar til samans.

Vaxtaskiptasamningar

Ríkissjóður hefur heimild til að gera skiptasamninga við innlendar fjármálastofnanir fyrir allt að 50 ma.kr. á árinu 2021 til að stýra betur verðtryggingar- og vaxtaáhættu lánasafnsins. Verða slíkir samningar gerðir ef markaðsaðstæður og kjör leyfa.

Erlend lán

Engin erlend lán eru á gjalddaga 2021 en fyrirhugað er að mæta hluta af lánsfjárförf ríkissjóðs með nýrri erlendri útgáfu á árinu. Sú útgáfa mun létta verulega á innlendri útgáfuförf ríkissjóðs. Ákvörðun um útgáfufjárhæð verður tekin síðar.

Tímasetningar útboða og nánari útfærsla

Útboð ríkisverðbréfa verða haldin samkvæmt útboðsdagatali *Lánamála ríkisins*. Einu sinni til tvisvar í mánuði eru fráteknir dagar fyrir útboð ríkisbréfa og einu sinni í mánuði fyrir ríkisvixla. Þessir dagar eru merktir sérstaklega inn á útboðsdagatalið og birtir á vefsíðunni www.lanamal.is. Áskilin er réttur til þess að fella niður útboð t.d. vegna markaðsaðstæðna. Ef breyting verður á gildandi ársáætlun er venjan að tilkynna það í ársfjórðungsáætlun.

Mánaðarlegar Markaðsupplýsingar, upplýsingasíður hjá Bloomberg <ICDO> og vefsíðan www.lanamal.is verða með svipuðu sniði og verið hefur.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa

Arion banki hf.
Íslandsbanki hf.
Kvika banki hf.
Landsbankinn hf.

Frekari upplýsingar veita Esther Finnbogadóttir í fjármála- og efnahagsráðuneyti í síma 545 9200 og Björgvin Sighvatsson hjá Lánamálum ríkisins í síma 569 9600.